

Reykjanesbæ 23. janúar 2019

## Fréttatilkynning

**Efni: Sölustöðvun og innköllun á sítrónusafa og limesafa frá vörumerkinu Piacelli vegna ómerkts ofnæmisvalds.**

Samkaup hafa í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, ákveðið að innkalla af markaði sítrónusafa og limesafa frá vörumerkinu Piacelli með strikamerkin 9002859026270/9002859018800 vegna ómerkts ofnæmisvalds.

**Vöruheiti:** „Piacelli Citrilemon“ og „Piacelli Citrilemon Green“.

**Vörumerki:** Piacelli

**Nettórummál:** 200 ml

**Strikamerki:** 9002859026270/9002859018800

**Sölu- og dreifingaraðili:** Samkaup, Krossmóa 4, 230 Reykjanesbæ

**Best fyrir merking:** Allar

**Umbúðir:** Plastflöskur

**Geymsluskilyrði:** Þurrvara

**Dreifing:** Verslanir Nettó, Kjörbúðarinnar, Krambúðarinnar, Iceland, Háskólabúðin, Samkaup Strax og Seljakjör

Rannsóknir eftirlitsaðila í Þýskalandi leiddu í ljós að varan inniheldur ofnæmisvaldinn súlfít, án þess að það væri tilgreint í innihaldslýsingu. Neytendum með ofnæmi fyrir súlfít er ráðlagt að farga vörunni eða skila henni til viðkomandi verslunar. Nánari upplýsingar veitir Björn Björnsson, innkaupastjóri (bjorn@samkaup.is).

